

Hreppsnefnd getur hækkað eða lækkað um allt að 50% framantaliu gjöld, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

4. gr.

Gjalddagi vatnsskatts.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og ber að greiða hann til skrifstofu Selfosshrepps.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögtaksrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsretti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gildistími reglugerðar.

Reglugerð þessi gildir frá 1. jan. 1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi vatnsskatts, sbr. 1. mgr. 4. gr. skal á árinu 1972 vera 15. maí.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. maí 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

24. maí 1972.

Nr. 127.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Halldórs Jónassonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. maí 1972.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ**fyrir Minningarsjóð Halldórs Jónassonar.**

1. gr.

Minningarsjóður Halldórs Jónassonar frá Hrafnagili er stofnaður af vandanönnum haus og vinum. Höfuðstóll sjóðsins er kr. 31 000.72. Gjafir, er sjóðnum kunna að áskotnast leggist við höfuðstólinn.

2. gr.

Sjóðurinn er í vörzlu skólameistara Menntaskólans á Akureyri, og fer um alla vörzlu hans eftir almennum reglum um sjóði í vörzlu skólans.

3. gr.

Þriggja manna stjórn fer með yfirráð sjóðsins. Skólameistari er sjálfkjörinn formaður, en tveir meðstjórnendur eru kjörnir árlega af og úr hópi íslenzku-, sögu- og latínukennara skólans.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en af vöxtum hans má úthluta ár hvert verðlaunum til þess nemanda skólans, er skarar fram úr í íslenzku, sögu eða latínu. Dimittendar gangi fyrir að öðru jöfnu. Ef ústæða þykir til má skipta verðlaunum í tvennt. Verðlaunaveiting fari fram í lok skólaárs.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 128.

24. maí 1972.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fryrstrar rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. október 1972.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. október 1972.

Vélskelflett rækja.

	CIF.
1. $10 \times 4 \times 1$ lb., blokkfryst	£ 0.52 pr. lb.
$10 \times 4 \times 2$ lbs., blokkfryst	- 0.52 — —
$10 \times 2 \times 2$ lbs., blokkfryst	- 0.52 — —
2. 24×1 lb., blokkfryst	- 0.65 — —
3. 2×5 kg, sérfryst	- 0.53 — —
4. 4×2 kg og 5×2 kg, sérfryst	- 0.54 — —
5. 24×450 gr, sérfryst	- 0.54 — —

Handskelflett rækja.

1. $10 \times 4 \times 1$ lb., blokkfryst	£ 0.64 pr. lb.
$10 \times 4 \times 2$ lbs., blokkfryst	- 0.64 — —
2. 24×1 lb., blokkfryst	- 0.53 — —
3. 6×4 lbs., sérfryst	- 0.66 — —
4. $6 \times 4 \times 1$ lb., sérfryst	- 0.67 — —
24×450 gr, sérfryst	- 0.67 — —
Í saltlegi	- 0.57 — —

Verðbil skulu vera 2% fyrir vél- og handskelfletta rækju en 2.5% fyrir handskelfletta rækju í saltlegi.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. maí 1972.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.